



FUNDUR Í SKIPULAGS-, UMHVERFIS OG UMFERÐARNEFND BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 8. september 2014 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, fundarsal á Blönduósi.

Dagskrá:

1. Afgreiðsla síðustu fundargerðar frá 9. júlí 2014.
2. Erindisbréf nefndarinnar kynnt og undirritun siðareglna.
3. Deiliskipulag við Norðurlandsveg – lónaðar- og athafnasvæði.
4. Ræktað land 86 – Afgreiðslu var frestað á síðasta fundi.
5. Staðfesting á umhverfisviðkenningum Blönduósbaer 2014.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

Valgarður Hilmarsson formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Brynja Birgisdóttir boðaði forföll og er ekki mættur varamaður í hennar stað.

- 1) Farið var yfir afgreiðslu byggðaráðs frá 30. júlí 2014 á síðustu fundargerð nefndarinnar frá 9. júlí 2014. Byggðaráð skoraði á nefndina að taka 6. lið fundargerðarinnar um umferðarmál til umfjöllunar í heild sinni áður en ráðist verður í auglýsingu og kynningar á breytingum á umferðarmálum. Nefndin samþykkti að taka umferðarmál til umfjöllunar á næsta fundi.
- 2) Farið var yfir erindisbréf nefndarinnar og siðareglur sem allir kjörnir fulltrúar undirgangast og undirrita. Nefndarmenn undirrituðu því næst siðareglur Blönduósbaer.
- 3) Deiliskipulag við Norðurlandsveg – lónaðar- og athafnasvæði. Tillaga að deiliskipulagi við Norðurlandsveg fyrir athafna- og iðnaðarsvæði, verslun og þjónustu og þjónustustofnun samanstendur af skipulagsuppdrætti og greinargerð. Tillagan er gerð hjá Landmótun ehf. dagsett 4.09. 2014. Þar sem allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í Aðalskipulagi Blönduóss 2010 – 2030 samþykkir nefndin að falla frá gerð skipulagslýsingar og sérstakri kynningu á tillögunni fyrir auglýsingu sbr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin samþykkir að deiliskipulagstillagan verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- 4) Erindi Finnboga og Jóns Guðmundssona vegna ræktaðs lands nr. 86. Lögð var fram hnitaskrá er sýnir stærð og lögun beitarhólfsins unnin af Stoð ehf. dags 14. maí 2012. Nefndin gerir ekki athugasemdir við umrædd hnit fyrir beitarhólfið og stærð leigulandsins sem er sýnt 9.800 m² á meðfylgjandi uppdrætti.



- 5) Umhverfisviðurkenning Blönduós bæjar. Nefndin veitti Húnabraut 32 og Skógræktarfélagi A-Hún. f.h. Hrúteyjar umhverfisviðkenningu Blönduós bæjar 2014 við setningu Húnavöku þann 17. júlí sl.
- 6) Önnur mál.
 - a. Nefndin ræddi um nauðsyn á að ljúka gerð deiliskipulags við Svínvetningabraut fyrir iðnaðar- og athafnasvæði.

Fleira var ekki tekið og fundi slitið kl. 18.05

Valgarður Hilmarsson
Jakob Jónsson
Guðmundur Sigurjónsson
Oddný María Gunnarsdóttir
Bjarni Þór Einarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi
Ágúst Þór Bragason, yfirm. Tæknideildar